

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Skipulagsfulltrúi
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík 27. ágúst 2018
UST201806-228/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Hnoðraholt – Vetrarmýri – Garðabæ - tillaga að breytingu

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Garðabæjar er barst 19. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýrar ásamt umhverfisskýrslu.


Í tillögunni kemur fram að breytingin felst í því að gert er ráð fyrir íþróttamannvirkjum sem staðsett verða nyrst og vestast í Vetrarmýri.

Í greinargerð kemur fram að áætlað framkvæmdasvæði er á svæði innan þéttbýlis sem er þegar raskað. Umhverfisstofnun tekur undir að áætlaðar framkvæmdir munu hafa áhrif á ásýnd svæðisins og telur mikilvægt að áætlaðar framkvæmdir verði felldar að umhverfinu.

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um að þak áætlaðra bygginga verði þakið torfi og telur að það muni milda ásýnd fyrirferðamikilla íþróttamannvirkja. Einnig tekur stofnunin undir áætlanir um ofanvatnslausrnir.

Umhverfisstofnun tekur undir ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hnoðraholts og Vetrarmýri.

Virðingarfyllst


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefansson
Sérfræðingur